

Alþingi
Erindi nr. P 130/1205
komudagur 2.3.2004

Umhverfismálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
b.t. Sigrún Brynja Einarasdóttir
nefndarritari

Umhverfismálanefnd Fjarðabyggðar tók fyrir á fundi sínum 22.2 s.l. erindið :Umsögn um þingsályktunartillögu til Náttúruverndaráætlunar 2004-2008 477. mál. Nefndin er sammála um að koma á framfæri óánægju með að Gerpissvæðið skuli ekki vera inni á áætlunni 2004-2008 og telur að færð hafi verið fyrir því það haldbær rök, að svo mætti vera.

Allt frá árinu 1973 hafa heimamenn talið friðlýsingu sem friðland skv. Náttúruverndarlögum æskilega.

Náttúruverndarráð tók svæðið á náttúruminjaskrá árið 1997. Bæjarstjórnir Eskifjarðar og Neskaupstaðar fóru þessá leit , að gerð yrði greinargerð um málið og fengu til þess náttúrufræðinginn Hjörleif Guttormsson sem svo skilaði af sér í ágúst1997 greinargerðinni er bar heitið “Gerpissvæðið, gildi friðlýsingar og leiðir að marki”

Bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags,(Fjarðabyggðar), sendi 21.ágúst1998 bréf til Náttúruverndar ríkisins þar sem fram kom einlægur vilji til þess að vinna að friðlýsingu Gerpissvæðisins

Haustið 1998 veitti umhverfisráðuneytið Náttúruvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) heimild til að vinna að friðlýsingu Gerpissvæðisins.

Náttúruvernd ríkisins safnaði upplýsingum um svæðið s.s útivistarnot, nytjar og rétthafa svæðisins. NR sendi bréf ífebrúar 2001 til landeigenda, þar sem kynntar voru hugmyndir um friðlýsingu, og stjórnun svæðisins með fulltrúum frá landeigendum og sveitarfélaginu.

Jákvæð viðbrögð viðbrögð liggja fyrir frá flestum landeigendum, en fyrirvari er þó frá sumum, og einhverjir hafa ekki svarað.

Umhverfismálanafnd Fjarðabyggðar telur, að Umhverfisstofnun ,sem fékk málið í hendur1998 sé enn að vinna að friðlýsingu Gerpissvæðis í umboði umhverfisráðuneytis, og vonast til að Gerpissvæðinu verði bætt inn á náttúruverndaráætlun 2004-2008 þegar hún verður tekin til síðari umræðu .

Virðingafyllst f.h. umhverfismálanefndar
Fjarðabyggðar

Benedikt Sigurjónsson formaður.